

- er þó ekki að öllu leyti búið til úr þessu hráefni. Undantekið er þó síkóriukaffilíki, sem í má vera allt að 3% af þeim efnum, sem heimiluð eru í 8. málsgrein 1. greinar.
8. Kaffibætir eða kaffilíki, sem auðkennt er með öðrum nöfnum en þeim, er greinir í 4. tölulið, nema þau séu um leið auðkennd greinilega sem kaffibætir eða kaffilíki.
  9. Ef ranglega er bent til sérstaklega vandaðrar framleiðslu.
  10. Kaffibætir eða kaffilíki, sem ranglega er talið hafa sérstök hollustuáhrif.
  11. Kaffibætir eða kaffilíki, sem auðkennt er á einhvern þann hátt, sem gefið gæti í skyn, að um kaffi væri að ræða, uppruna þess eða framleiðslu.

52  
20. júlí

#### IV. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

###### 6. gr.

Til að standast kostnað af eftirliti með þeim vörum, sem undir þessa reglugerð falla, skal fyrst um sinn, eða þangað til gefin verður út almenn reglugerð um kostnað af eftirliti með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum greiða gjald af þeim vörutegundum, sem um getur í 1. grein þessarar reglugerðar, kr. 1,00 fyrir hver 100 kg eða brot úr 100 kg af innflutningi eða framleiðslu. Gjald þetta innheimtist með tolltekjum ríkissjóðs og eftir sömu reglum.

###### 7. gr.

Um mál út af brotum á reglugerð þessari og refsingu fyrir þau fer samkvæmt 11. grein laga nr. 24, 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

###### 8. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 24, 1. febr. 1936, og birtist til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 20. júlí 1936.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Friðg. Bjarnarson.*

## REGLUGERÐ um kaffi.

53  
20. júlí

#### I. KAFLI

##### Skýring hugtaka.

###### 1. gr.

**Kaffi** (kaffibaunir) eru fræ coffea-tegundanna, óbrennd eða brennd, heil eða möluð, og er hreinsað af þeim aldinhyðið algerlega og fræhyðið (silfurhyðið) eins vel og unnt er.

**Óvalið kaffi** er kaffi, sem enn hafa ekki verið hreinsaðar úr lélegar baunir og annarleg efni og selt er í heildsölu.

Venjulega er gerður munur á **kafftegunum**

1. eftir **landfræðilegum uppruna**: Kaffi er kennt við ákveðið upprunaland eða ákveðna útflutningsborg, svo sem Java, Santos, Mokka, Rio, Salvador, Guatemala, Costarica, Portorico,
2. eftir **grasafræðilegum uppruna**: Kaffi af coffea arabica, kaffi af coffea liberica (Liberia-kaffi),
3. eftir **vinnslunni**: Óbrennt, brennt, malað kaffi.

**Vatnsinnihald** í brenndu kaffi er á milli 1,5 og 5%.

53  
20. júlí

**Perlukaffi** er kaffi úr kaffialdinum, sem þroskatz hafa einfræja.

**Kaffimolar** eru grófmuldar kaffibaunir.

**Kaffiúrgangur** er að mestu leyti grófmuldar og lélegar baunir, sem tindar eru úr óvöldu kaffi.

**Kaffiblöndur** og annað kaffi, sem auðkennt er á svipaðan hátt, er sambland mismunandi kaffitegunda.

**Kaffilögur** (kaffi-extrakt og kaffiessens) er vatnsseyði, sem eingöngu er búið til úr brenndum og möluðum kaffibaunum og er að meira eða minna leyti soðið niður.

**Koffeínryrt kaffi** er kaffi, sem í er í mesta lagi 0,2% af koffeíni.

**Koffeínsneytt kaffi** er kaffi, sem í er í mesta lagi 0,08% af koffeíni.

## II. KAFLI

### Ákvæði til verndar heilbrigði manna.

#### 2. gr.

Sérstaklega er bannað:

1. að lita kaffi, kaffiblöndur, kaffilög með litum, sem geta verið hættulegir heilbrigði manna,
2. að húða kaffi eða kaffiblöndur með lakki, sem í er arsen, eða með öðrum efnum, sem geta verið hættuleg heilbrigði manna,
3. að nota bórsýru, sólt hennar eða sambönd í kaffi, kaffiblöndur eða kaffilög.

## III. KAFLI

### Matsreglur.

#### 3. gr.

Kaffi það, er hér greinir, er sérstaklega metið skemmt, og má ekki hafa það í umferð, þótt auðkennt sé með tilliti til þess:

1. Kaffi, sem hefir orðið fyrir svo miklum skemmdum vegna óhappa við uppskeruna, af völdum vatns, lélegar geymslu eða af öðrum ástæðum, að það er miður hæft til neyzlu sökum annarlegur eða ógeðslegrar lyktar eða bragðs, hvort heldur það er brennt eða óbrennt eða lagað til drykkjar.
2. Kaffi, sem er myglað eða óhreint.
3. Brennt kaffi, sem er of brennt, svo að það er að verulegu eða öllu leyti kolað.
4. Brennt kaffi, sem er búið til úr skemmdu, óbrenndu kaffi.
5. Kaffilögur, sem búinn er til úr skemmdu kaffi.

#### 4. gr.

Sérstaklega eru taldar til eftirlíkingar tilbúnar kaffibaunir, og er bannað að hafa þær í umferð, þótt þær séu auðkenndar með tilliti til þess.

#### 5. gr.

Sérstaklega þegar svo til hagar, er hér greinir, er kaffi metið falsað, og má ekki hafa það í umferð, þótt auðkennt sé með tilliti til þess. Undanteknar eru þó vörur þær, er greinir í 3., 12., 17. og 20. tölulíð þessarar greinar.

1. Óbrennt kaffi annað en kaffiúrgangur og óvalið kaffi, sem í er meira en 5% af annarlegum efnum.
2. Brennt kaffi annað en kaffiúrgangur og óvalið kaffi, sem í er meira en 3% af annarlegum efnum.
3. Kaffi, sem orðið er að verulegu leyti lélegra að neyslugildi af völdum vatns eða sjávar, og gildir einu, þótt í það sé blandað öðru kaffi, nema það sé auðkennt með tilliti til þessara lakari gæða.
4. Brennt kaffi, sem í er meira en 5% af vatni.
5. Brennt kaffi, sem í er meira en 6,5% af ösku.
6. Brennt kaffi, sem í er meira en 1% af sandi.
7. Kaffi, sem vætt hefir verið eða vöknað,

8. Kaffi, sem í er meira af sagi eða öðrum efnum, sem notuð eru við hreinsunina, en minnst getur orðið.
9. Kaffi, sem litað er eða húðað í því skyni að leynd lélegum gæðum þess.
10. Brennt kaffi, sem er litað.
11. Sykrað kaffi, sem er húðað með öðrum efnum en rófu-, reyfr- eða sterkjusykri (sykrað kaffi), arsensnauðu gljálakki, öðrum óskaðlegum harpisefnum eða vaxi eða blöndum úr þeim (lakkað kaffi).
12. Brennt kaffi, sem sykrað er með þeim efnum, sem heimiluð eru í 11. tölulið þessarar greinar og ekki er auðkennt sem „sykrað“.
13. Sykrað kaffi, sem í hefir verið notað meira en 8 hlutar af sykri í 100 hluta af óbrenndu kaffi eða í er meira en 4% af efnum, sem þvo má af kaffinu.
14. Sykrað kaffi, sem í hefir verið notað meira en 0,5 hlutar af lakkefnum í 100 hluta af óbrenndu kaffi.
15. Lakkað kaffi, sem í hefir verið notað meira en 0,5 hlutar af lakkefnum í 100 hluta af óbrenndu kaffi.
16. Kaffi, sem á hefir verið látið verka alkali- eða jarðalkalihydroxyd eða -karbónöt, sykirkalk (kalcíumsaccharat), ammóníak, ammóníumsölt eða brennisteinssýrlingur.
17. Kaffi, sem koffeín hefir verið tekið úr, enda sé það ekki auðkennt sem koffeínryrt eða koffeínsneytt kaffi.
18. Kaffi, sem vatnsuppleysanleg efni önnur en koffeín hafa verið tekin úr, þó að undanteknu litlu einu af vatnsuppleysanlegum efnum, sem leysast úr kaffinu um leið og koffeínryrt eða koffeínsneytt kaffi er búið til, enda sé það ekki meira en minnst verður komizt af með.
19. Kaffi, sem í hefir verið blandað tilbúnum kaffibaunum, kaffieftirlíkingum, kaffiviðbótarefnum (kaffibæti) eða öðrum annarlegum efnum, enda sé hægt að villast á þeim og kaffibaunum í blöndunni.
20. Kaffi, sem í hefir verið blandað öðrum efnum en þeim, sem um getur í 19. tölulið þessarar greinar, enda sé blandan ekki auðkennd sem kaffilíkisblanda og á umbúðunum sé getið lágmarksinnihalds af kaffi í hundradshlutum (prósentum).
21. Kaffi, sem í hefir verið blandað öðrum efnum en þeim, sem heimiluð eru í 11. og 20. tölulið þessarar greinar.

## 6. gr.

Sérstaklega þegar svo til hagar, er hér greinir, er vara metin **blekkjandi** vegna villandi **auðkenningar, upplýsinga eða umbúnaðar**:

1. Þegar vara er auðkennd með orðinu kaffi eða öðru orði dregnu af því og skilyrðum 1. greinar þessarar reglugerðar er ekki fullnægt, enda sé það ekki heimilt samkvæmt öðrum lögum eða reglugerðum (sbr. einkum 4. tölulið 5. greinar reglugerðar um kaffibæti og kaffilíki).
2. Þegar kaffi er kennt við einhvern ákveðinn stað án þess að eiga þar uppruna.
3. Þegar kaffiblanda er kennd við einhvern ákveðinn stað, án þess þó að kaffitegund sú, sem blandan er kennd við, hafi ákveðinn keim af henni.
4. Þegar kaffi, sem í er meira en 0,2% af koffeíni, er auðkennt sem koffeínryrt eða á annan hátt, sem gefur það sama til kynna.
5. Þegar kaffi, sem í er meira en 0,08% af koffeíni, er auðkennt sem koffeínsneytt eða á annan hátt, sem gefur það sama til kynna.
6. Vara, sem auðkennd er sem kaffilögur, en fullnægir ekki skilyrðum 9. töluliðs 1. greinar.
7. Þegar ranglega er bent til sérstaklega vandaðrar framleiðslu eða samsetningar.
8. Þegar kaffi er ranglega talið hafa sérstök hollustuáhrif.

## IV. KAFLI

## Vélar til framleiðslu á tilbúnum kaffibaunum.

## 7. gr.

Bannað er að búa til eða flytja inn í landið vélar eða önnur áhöld, sem ætluð eru til framleiðslu á tilbúnum kaffibaunum.

## V. KAFLI

## Almenn ákvæði.

## 8. gr.

Til að standast kostnað af eftirliti með þeim vörum, sem undir þessa reglugerð falla, skal fyrst um sinn eða þangað til gefin verður út almenn reglugerð um kostnað af eftirliti með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, greiða gjald af þeim vörutegundum, sem um getur í 1. grein þessarar reglugerðar, kr. 1,00 fyrir hver 100 kg eða brot úr 100 kg af innflutningi. Gjald þetta innheimtist með tolltekjum ríkissjóðs og eftir sömu reglum.

## 9. gr.

Um mál út af brotum á reglugerð þessari og refsingar fyrir þau fer samkvæmt 11. gr. laga nr. 24, 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

## 10. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi er sett samkv. lögum nr. 24, 1. febrúar 1936, og birtist til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 20. júlí 1936.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Friðg. Bjarnarson.*

## REGLUGERÐ

### um kakaó og kakaóvörur.

## I. KAFLI

## Skýring hugtaka.

## 1. gr.

**Kakaóbaunir** eru fræin úr aldinum kakaótrésins (*theobroma cacao*), og eru þær þurrkaðar, gerjaðar eða ógerjaðar.

Kakaóbaunir eru venjulega flokkaðar á tvennan hátt:

## I. Eftir hreinsuninni:

## 1. Óvaldar kakaóbaunir:

- a) í umbúðum framleiðslulandsins,
- b) í öðrum umbúðum.

## 2. Valdar kakaóbaunir: Öll óhreinindi og ónothæfar baunir hreinsaðar úr.

## II. Eftir vinnslunni:

## 1. Kakaóbaunir, kjarnar og deig:

- a) Óunnar, þurrkaðar eða brenndar **kakaóbaunir**.

b) **Kakaókjarnar**: Valdar kakaóbaunir, þurrkaðar eða brenndar og flysjaðar. Í kakaókjörnum er eins lítið af fræhýði, fræhimnum og kími og orðið getur.

c) **Kakaómolar**: Grófmuldir kakaókjarnar. Í kakaómolum er eins lítið af fræhýði, fræhimnum og kími og orðið getur.

d) **Kakaódeig**: Smámuldir (malaðir, valtaðir, slípaðir) kakaókjarnar eða kakaómolar. Í kakaódeig má nota í mesta lagi 2% af kakaósalla. Við vinnslu kakaódeigsins er stundum látið í það lítið eitt af lecitíni.

e) **Uppleysanlegt kakaódeig**: Á deigið eru látin verka alkalíkarbónöt, ammóníak, ammóníum-sölt, magnesíumoxyd eða önnur óskaðleg efni, svo og gufa undir þrýstingi. Lífræn